Ed. 395. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júni 1923.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Á eftir öðrum málslið 3. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með ²/₃ atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.